



Innra mat í Grunnskólanum á Ísafirði skólaárið 2023-2024

JÚNÍ 2024

ÁBYRGÐARMAÐUR: HELGA S. SNORRADÓTTIR

Efnisyfirlit

Um skólann	2
Samantekt	2
Inngangur	3
Framgangur umbóta frá fyrra ári	4
Nám – námsárangur, kröfur og námsmat.....	4
Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	7
Líðan og heilsa	7
Skóla- og bekkjarandi	8
Starfsfólk – starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf	8
Aðbúnaður	9
Endurmenntun	9
Samstarf heimila og skóla	10
Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið	10
Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar.....	11
Fylgiskjöl.....	12
Umbótaáætlun 2024-2025	

Um skólann

Skólinn heitir Grunnskólinn á Ísafirði og er að Austurvegi 6, Ísafirði. Húsið er þrjár byggingar sem tengdar eru saman. Haustið 2008 var tekin í notkun nýbygging sem byggð var við skólann, að hluta til utan um elsta skólann, gamla barnaskólann. Þar eru nú allar verkgreinastofur auk þriggja almennra kennslustofa og bókasafns. Skólinn var settur í fyrsta sinn 1874 og hefur því starfað óslitið í 149 ár. Rekið er frístundastarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk í samstarfi við Skóla- og tómsundasvið Ísafjarðarbæjar, Héraðssamband Vestfirðinga og Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Í skólanum í vetur voru um 390 nemendur í 1. – 10. bekk og starfsmenn 80.

Samantekt

Í vetur eru nokkrir þættir sem hafa gengið virkilega vel í skólastarfinu.

- Skólinn fékk Íslensku Lýðheilsuverðlaunin í flokki starfsheilda fyrir fjallgönguverkefni sitt, sem okkur telst til að hafi verið allt frá árinu 1996 eða í 28 ár.
- Í vetur hefur orðið mikil fjölgun í mötuneytisáskrift. Í apríl 2023 voru 272 nemendur skráðir, en eru nú í apríl 2024 orðnir 325 sem gerir um 19,5% fjölgun á milli ári. Í skólanum í vetur eru um 390 nemendur og er hlutfall nemenda í áskrift því 83,3%.
- Skólinn var í desember samþykktur sem aðildarskóli að Erasmus+ sem er partur af menntaáætlun Evrópusambandsins og er gildistími aðildar árin 2024-2027. Áhersluatriði skólans eru þróun kennsluhátta, móttaka nýbúa/flóttamanna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd.
- Skólinn tók þátt í Íslandsmóti barnaskólasveita í skák. Úrslit urðu þau að sveitin lenti í 13. sæti af 35 og fékk bronsverðlaun sem þriðja hæsta landsbyggðarsveitin. Þá hlaut nemandi í 4. bekk skólans einnig einstaklingsverðlaun með 7 vinninga af 8 á fyrsta borði.
- Skólinn tók þátt í Skólahreysti og eignaðist þar Íslandsmeistara í hreystigreip.
- Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar veitti hvatningarverðlaun fyrir framúrskarandi skólastarf og féllu verðlaunin í skaut kennara skólans.
- Foreldrasamstarf hefur aukist með virkni foreldrafélagsins og auknum heimsóknum foreldra í skólann.
- Reynsla foreldra er góð af námi og kennslu, upplýsingamiðlun, mötuneyti, samskiptum við umsjónarkennara og samskiptum við stjórnendur.

Nokkrir veikleikar eru sem veita tækifæri til umbóta og verður tekið á þeim á næsta skólaári samkvæmt umbótaáætlun í lok skýrslunnar. Helstu veikleikar eru þessir:

- Niðurstöður Lesferils sýna að átta árgangar eru undir landsmeðaltali.
- Reynsla foreldra af úrlausnum aga- og samskiptavandamála er fullnægjandi. Þar er tækifæri til að gera enn betur.
- Samkvæmt Skólapólisi er einelti yfir landsmeðaltali, bæði hjá nemendum og starfsfólki.
- Námsmat og endurgjöf má enn bæta og þarf að nýta Mentor betur sem upplýsingatæki til nemenda og foreldra. Skrá þarf námsmat jafnt og þétt yfir veturinn, þannig að námsstaða nemenda sé ljós frá mánuði til mánaðar og nýtist sem best.

Þættir eins og líðan, nám og agi eru verkefni sem alltaf er hægt að bæta og eru alltaf á oddinum hjá okkur og munu verða það áfram.

Inngangur

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr.91, 2008).

Gera skal áætlun til fimm ára þar sem allir þættir sem tilgreindir eru í grunnskólalögum, aðalnámskrá og skólanámskrá eru metnir reglulega.

Matsáætlun til fimm ára

		gæðagr	2019-20	2020-21	2021-22	2022-23	2023-24
A	Skólanámskrá – stefna, markmið, námsmat og inntak náms	1.3, 2.2		x			
B	Starfsáætlun – skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar	1.3, 2.2			x		
C	Nám – námsárangur, kröfur og námsmat	2.3, 2.4, 3.1, 3.2	x	x	x	x	x
D	Nemendur - líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	3,1	x	x	x	x	x
E	Kennsla - kennsluhættir og starfsþróun	2.3, 2.6,			x		
F	Starfsfólk - starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf	1.4	x	x	x	x	x
G	Stjórnun	1.2, 1.4	x				
H	Viðmót og menning skóla - jafnrétti - Jafnréttisáætlun á 3ja ára fresti	2.1, 3.1			x		
I	Aðbúnaður					x	
J	Samstarf heimila og skóla	2.5, 2.7		x		x	
K	Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið	2.7					x
L	Umbótaáætlunir og þróunarstarf	1.1		x			
M	Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	1.5					x
N	Grunnþættir menntunar - læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð	3.3	x			x	

Í vetur var sjálfsmatsteymi skólans skipað þeim Helgu S. Snorradóttur, aðstoðarskólustjóra, Ingu Báru Þórðardóttur, námsráðgjafa, Kristjönu Þrastardóttur, deildarstjóra stoðþjónustu, Iwonu Samson, sérkennara og Sigríði Guðjónsdóttur, íþróttakennara. Fundir voru að jafnaði á 4 vikna fresti til að móta áætlun og fylgja því eftir að hver matsþáttur hafi verið tekinn fyrir, áætlun gerð, mat lagt fyrir, markmið skilgreind og úrbótaáætlun samin. Allir starfsmenn skólans komu að vinnu við sjálfsmatið með þátttöku í könnunum, fundum og viðtölum, auk þess sem foreldrar og nemendur voru spurðir álit á ýmsum þáttum skólastarfsins. Fulltrúi foreldra mætti á einn fund með teyminu og af þeim fundi spruttu nokkrar góðar hugmyndir sem settar eru í umbótaáætlun næsta árs.

Frá haustinu 2018 hafa grunnskólar Ísafjarðarbæjar notast við Gæðagreina, sem er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School* Aðferðafræðin við matið byggir á lýðræðislegum skipulögðum samræðum og fellur því vel að öðrum áhersluþáttum skólastarfsins svo sem Uppeldi til ábyrgðar, Leiðsagnarnámi og áherslu á nemendalýðræði.

Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er að sem flestir í skólstarfinu taki þátt í samræðum um skólstarfið út frá viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnagjöf á bilinu 1-6. Einkunnakvarðinn er skilgreindur þannig:

Heildarstig matsþáttar	Lýsing á viðmiði
5,0 – 6,0	Mjög góð staða, framúrskarandi og leiðandi gæði á landsvísu.
4,0 – 4,9	Góð staða og mjög margir styrkleikar sem einkenna matsþáttinn. Nokkrir þættir sem þarfnast umbóta.
3,0 – 3,9	Aðeins fleiri styrkleikar en veikleikar, grípa þarf til aðgerða á þeim þáttum sem þarfnast umbóta.
1,0 – 2,9	Óviðunandi staða, veikleikar mun fleiri en styrkleikar. Matsþáttur þarfnast tafarlausra umbóta.


Auk gæðagreina er stuðst við niðurstöður kannanna, prófa, viðtala og þinga við sjálfsmat skólans, en nemendaping er haldið annað hvert ár.

Framgangur umbóta frá fyrra ári

Nokkuð vel tókst að vinna samkvæmt umbótaáætlun fyrra árs, en nokkrir þættir verða þó enn í vinnslu á næsta skólaári, s.s. betri árangur í Lesferli, meiri nýting á Mentor, fjölbreyttara námsmat og markvissari endurgjöf. Nýting á mötuneyti hefur aukist svo og ánægja með það, en næsta haust er allar líkur á að boðið verði upp á frítt mötuneyti.

Skýrsla um innra mat verður send fræðslufirvöldum til kynningar á næstu dögum og sett inn á heimasíðu skólans.

Nám – námsárangur, kröfur og námsmat



Samkvæmt niðurstöðum Lesferils eru aðeins tveir árgangar skólans sem eru nánast á landsmeðaltali, en markmið okkar er að allir nái því. Allir árgangar náðu 1. viðmiði. Þetta er ekki viðunandi árangur að okkar mati og þarf að grípa til frekari aðgerða. Sitthvað var þó gert til að efla lestur. Skólinn tók þátt í Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk og einnig þeirri Stóru í 7. bekk. Allir nemendur stóðu sig frábærlega

og áttum við þrjú efstu sætin á norðanverðum Vestfjörðum í Stóru upplestrarkeppninni, Í tilefni af Degi íslenskrar tungu efndi skólasafnið til bókagetraunar fyrir alla bekki. Síðar í nóvember startaði skólasafnið svo jólaklúbbi með tilheyrandi lukkupotti og verðlaunum, til að hvetja til frekari lesturs. Einnig fengum við tvo barnabókahöfunda í heimsókn til að ýta enn frekar undir lestraráhuga.

Sett var á skimun með Milli mála II prófinu í 4., 7. og 9. bekk. Prófið er staðlað og er til að kanna getu tvítyngdra nemenda í íslensku. Gerð var krafa um að setja niðursöður inn á einstaklingsskýrslu og í kjölfarið voru skilafundir með umsjónarkennurum og íslenskukennurum, sérkennara, ÍSAT kennara og deildarstjóra stoðþjónustu þar sem farið var yfir niðurstöður og fundin sameiginleg niðurstaða um framhaldið.

Talnalykill var lagður fyrir í 3. og 6. bekk. Mælitölur prófsins gefa til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við nemendur í sama árgangi eða bekk í einstökum þáttum stærðfræðinnar.

Stærðfræðikennarar rýndu í niðurstöður og í framhaldi af því var unnið með niðurstöður til frekari framgangs.

Þrír nemendur skólans tryggðu sér þátttöku í úrslitum í Pangeu stærðfræðikeppninni sem haldin var í maí. Tveir þeirra tóku þátt og voru á meðal þeirra 87 bestu í úrslitunum af rúmlega 4900 þátttakendum.

Leiklistarval skólans setti upp í desember leiksýninguna Jóladaatalið og hélt tvær sýningar í sal skólans.

Námsmat er í stöðugri þróun og endurskoðun. Reynt er að hafa það sem fjölbreyttast til að endurspegla sem best mismunandi styrkleika hvers og eins. Með innleiðingu Leiðsagnarmats hefur námsmatið orðið markvissara og gagnlegra fyrir nemendur og foreldra.

Nemendaping eru haldin í skólanum annað hvert ár og var nú haldið 29. febrúar 2024 með þátttöku nemenda í 6. – 10. bekk. Markmiðið með nemendapingum er:

- að veita nemendum tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri samræðu um málefni sem hefur merkingu fyrir daglegt líf þeirra og skipulag skólastarfsins,
- að efla vitund nemenda um eigin áhrif í skólastarfinu,
- að fá fram sjónarhorn nemenda í ýmsum málaflokkum,
- að fá fram tillögur frá nemendum um hvað hægt er að gera til að hafa jákvæð áhrif á daglegt starf í skólanum og víðar.

Að þessu sinni var viðfangsefnið „Hvernig gerum við góðan skóla betri?“ Þingin hafa verið sett upp með formlegu sniði. Borðstjórar koma úr efri bekkjum skólans og fá sérstaka þjálfun í að virkja samnemendur til þátttöku og að stýra umræðum, en gæta um leið kurteisi. Niðurstöður voru teknar saman og unnið með þær frekar inni í bekkjum.

Hvað gera nemendur í góðum skóla?

- Hlusta
- Læra
- Hjálpast að
- Lesi vel
- Gera það sem maður á að gera
- Virða starfsfólk og hlusta á kennara
- Taka þátt
- Eru góðir við aðra
- Virða aðra nemendur
- Einbeita sér vel

Hvað gera kennarar í góðum skóla?

- Útskýra vel
- Eru kurteisir
- Hlusta á nemendur
- Eru metnaðarfullir
- Bera virðingu fyrir öðrum
- Leiðbeina nemendum
- Eru þolinmóðir
- Eru sanngjarnir
- Eru góðar fyrirmyndir
- Eru jákvæðir

Hvað gerir annað starfsfólk í góðum skóla?

- Er góðar fyrirmyndir
- Hlustar á nemendur
- Hjálpar nemendum og kennurum
- Ber virðingu fyrir öllum
- Er kurteist
- Er gott við nemendur
- Eldar góðan mat
- Er eins og Ralf

Hvað gera foreldrar nemenda í góðum skóla?

- Hjálpa með heimavinnu
- Stöðva einelti
- Fylgjast með
- Mæta á foreldrafundi
- Hlusta á börnin
- Eru til staðar fyrir börnin sín
- Hjálpa við fjárfanir
- Mæta á viðburði barnanna sinna

Hvaða ávinning hljóta foreldrar af því að hafa börnin sín í góðum skóla?

- Gleði
- Betra líf
- Minni áhyggjur af framtíð barna sína
- Vitneskju um að börnun þeirra líði vel
- Glaðari börn
- Börnin þeirra fá góða menntun
- Verða stoltir af börnunum sínum

Hvaða ávinning hljóta nemendur af því að vera í góðum skóla?

- Góða framtíð
- Betri menntaskóla
- Gleði
- Góða vinnu í framtíðinni
- Líður vel í skólanum
- Fá góða kennslu
- Góð samskipti
- Góða menntun
- Eignast góða vini

Hvaða ávinning hlýtur starfsfólk af því að vinna í góðum skóla?

- Ánægju í starfi og hamingju
- Góðan félagsskap
- Verða ekki eins þreytt
- Kynnast nýju fólki
- Betri samskipti
- Betri líðan
- Kurteisa nemendur

Hvaða ávinning hlýtur samfélagið af því að hafa góðan skóla?

- Betra starfsfólk í framtíðinni
- Vel menntað fólk
- Þurfa ekki að fara annað til að mennta sig
- Fleira fólk vill búa í bænum
- Vel undirbúið fólk
- Fólki gengur betur í lífinu ef það gengur í góðan skóla

Aðrar ábendingar og tillögur

- Byrja skólann kl. 8:30
- Fá skólahreystibraut
- Fjölbreyttari mat í bekkjavali
- Skylda nemendur til að fara í sturtu eftir íþróttir
- Hvetja til meiri sköpunar í náminu
- Betri mat

Í janúar 2024 var lagður gæðagreinir 2.1 fyrir nemendur unglingastígs og voru niðurstöður þessar:

Matspáttur	Einkunn
Ég er áhugasamur og virkur þátttakandi í mín námi	4,3
Ég tek virkan þátt í eigin námi og þroska og sýni vaxandi færni í námi	4,3
Ég fæ góða endurgjöf sem gerir mig meðvitað/a/an um framfarir mínar og styrkleika sem námsmanns	3,9
Ég er ábyrg/t/ur og legg mitt af mörkum í skólastarfi og til samfélagsins	4,3
Í okkar skóla er komið fram við mig og aðra nemendur á jafnréttisgrundvelli og af sanngirni og virðingu	4,2
Ég tek góðum framförum í námi og næ almennum árangri	4,5
Það er leitað eftir sjónarmiðum okkar nemenda og komið til móts við okkur	4,2
Ég er mjög ánæg/ð/t/ur með það sem skólinn hefur að bjóða	3,7
Mér finnst nemendur vera metnir að verðleikum og hafa eðlileg tækifæri til að koma fram með eigin skoðanir og tekið er tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar í skólanum	3,8
Mér finnst nemendur farsælir, sjálfsöruggir og ábyrgir og gefa mikið af sér í skólanum og í samfélaginu	3,8

Nemendur meta alla framangreinda þætti fullnægjandi, en þó eru tækifæri til að gera enn betur.

Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf

Náms- og starfsráðgjafi skólans vinnur í nánú samstarfi við stjórnendur skólans og umsjónarkennara að því að standa vörð um velferð nemenda. Nemendur og foreldrar geta leitað beint til hans og einnig geta kennarar og stjórnendur skólans vísað málum til hans. Námsráðgjafi tók viðtöl við alla nemendur í 8., 9. og 10. bekk í vetur varðandi áhuga á framhaldsnámi og líðan í skólanum. Hann hélt einnig utan um tengslakannanir sem gerðar voru innan allra bekkjardeilda. Tengslakannanir eru tæki til að kanna félagstengsl nemenda og fá þannig mynd af félagslegum tengslum í bekk og/eða árgöngum. Slíkar kannanir geta gefið vísbendingu um félagslega stöðu, vinsældir, höfnun, trygg sambönd, einelti o.fl. Þegar niðurstöður liggja fyrir er mikilvægt að grípa til aðgerða sem miða að því að bæta og auka tengsl einstaklinga í hópnum.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,0	179	0,0	4,2	17.661	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	3,6	181	0,2	4,4	17.780	-0,8*
1.3. Áhugi á stærðfræði	3,9	183	0,2	4,5	18.033	-0,6*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,2	183	0,0	4,2	18.019	0,0
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,9	183	0,1	4,3	17.746	-0,4*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,1	182	0,0	4,8	17.967	-0,7*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	89,4%	152/170	-	80,3%	13920/17500	9,1%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,7 klst.	152	-	0,6 klst.	13.871	0,1 klst.

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins eru nemendur í 6. – 10. bekk skólans heldur undir landsmeðaltali hvað virkni varðar, en þrír þættir sem hafa þó aðeins hækkað frá síðasta ári.

Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,2	180	0,3	4,3	17.675	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,8	181	-0,1	4,3	17.611	-0,5*
2.3. Vellíðan	4,2	180	0,2	4,4	17.840	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	42	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,3	178	0,4	5,8	17.796	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	20,5%	36/176	0,5%	15,2%	2787/17751	5,3%*
2.7. Staðir eineltis	-	35	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	71,9%	123/171	-	76,9%	13666/17613	-5,0%*
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	34,4%	43/125	-	40,1%	6029/14960	-5,7%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	42	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	86	-	-	-	-

Samkvæmt skólupól sí nemenda eru niðurstöður nokkuð undir meðaltali varðandi stjórn á eigin lífi og einelti. Taka verður tillit til þess að fjöldi svarenda varðandi tíðni eineltis eru einungis 36/176 eða 20%, sem er ómarktækt, þó niðurstöður gefi vísbendingar um slæma stöðu.

Tilkynningar til eineltisvarnateymis voru 7 í vetur og lauk þeim málum öllum á fyrsta stigi. Þetta eru jafn margar tilkynningar og á síðasta skólaári.

Í vetur hefur orðið mikil fjölgun í mötuneytisáskrift. Í apríl 2023 voru 272 nemendur skráðir, en eru nú í apríl 2024 orðnir 325 sem gerir um 19,5% fjölgun á milli ára. Í skólanum í vetur eru um 390 nemendur og er hlutfall nemenda í mötuneyti því 83,3%. Þessar tölur ríma ekki við svör nemenda og er skýringin kannski sú að þeir sem ekki svara skólupól sínum þ.e. 1. – 5. bekkur er nánast allur í mataráskrift. Ástæða þessar aukningar í áskrift má eflaust að hluta til rekja til myndatöku úr mötuneyti, þar sem sýnt er á Instagram síðu skólans hvernig maturinn er framborinn. Úrvalið af grænmeti og meðlæti hefur komið foreldrum skemmtilega á óvart.

Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	175	0,0	4,8	17.518	-0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,6	171	0,0	4,7	17.702	-0,1
3.3. Agi í tímum	4,4	171	0,0	4,7	17.681	-0,3*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,8	169	0,7	4,8	17.592	0,0
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,7	169	0,4	4,8	17.608	-0,1

Hér sjáum við engar breytingar á milli ára, nema hvað að virk þátttaka nemenda í tímum og tíðni leiðsagnarmats taka ágætis sveiflu upp á við. Við erum því innan skekkjumarka (0,5) í öllum þáttum.

Félagsstarf nemenda á unglingsstigi fer aðallega í gegnum félagsmiðstöðina Djúpið. Nemendur héldu 5 böll í sal skólans sem öll tókust vel og er aðsókn jafnan góð. Foreldrar stóðu fyrir þorablóti 10.bekkar nú sem endranær, sem er alltaf hápunktur félagsstarfsins í árganginum. Unglingastigið tók þátt í íþróttadeginum í Bolungarvík, sem er í boði Grunnskólans í Bolungarvík, þar sem nemendur af norðanverðum Vestfjörðum spreya sig í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Starfsfólk – starfshættir, endurmenntun, líðan, þarfir, starfsandi, samskipti og samstarf

Skólinn hóf samstarf við fyrirtækið Mental ráðgjöf um framkvæmd úttektar á líðan og ánægju starfsmanna í starfi, í því skyni að ná utan um þær mögulegu áskoranir sem starfsmenn verða fyrir í daglegum störfum. Í kjölfarið var unnin áætlun um aðgerðir til að draga úr áskorunum og gera nauðsynlegar úrbætur á stjórnun og verkskipulagi í því skyni.

Fyrstu skrefin fólust í viðtölum við 15 starfsmenn sem boðið var að taka þátt, svokölluð djúpviðtöl. Viðtölin voru án stjórnenda, undir nafnleynd og allar upplýsingar unnar sem algjört trúnaðarmál og órekjanleg til einstakra viðmælenda. Eftir yfirferð var skipaður vinnuhópur, sem kaus um forgangsroð aðgerða.

Skólupól sínn var lagður fyrir alla starfsmenn í mars 2024. 63 af 76 starfsmönnum svöruðu eða 82,9%. Þeir þættir sem koma betur út hjá okkur en að landsmeðaltali eru: vinnuálag, skýrleiki hlutverks, jákvæðar áskoranir í starfi, skörun vinnu og einkalífs, starfsmannaviðtöl og gagnsemi þeirra, stytting

vinnuviku, kynferðisleg áreitni, stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta næsta yfirmanns, ánægja með kennarastarfið, upplýsingamiðlun til foreldra, undirbúningur kennslu í skólanum, öllum bekknum kennt í einu, hópavinna í bekk, einstaklingsmiðuð kennsla og áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum.

Þeir þættir sem koma marktækt verr út en að landsmeðaltali eru: starfsandi, ánægja með vinnuaðstöðu, mismunun, einelti, valdeflandi forysta annars yfirmanns, stuðningur við kennara vegna hegðunar örðugleika nemenda, faglegur stuðningur skólustjóra við kennara og símenntunarþörf kennara.

Allir starfsmenn fá formlegt starfsmannaviðtal á hverju ári hjá sínum næsta yfirmanni, eða öðrum ef óskað er. Þar er farið yfir líðan og álag í vinnu, væntingar, endurmenntunarskír og annað það sem óskað er eftir að ræða. Stjórnendur vinna samantekt úr þessum viðtölum og bregðast við því sem betur má fara. Þá fóru stjórnendur einu sinni í skipulagðar heimsóknir í bekki og væri gott að festa það í sessi tvisvar á skólaári, með markvissum heimsóknum og endurgjöf til starfsmanna.

Kennarar vinna saman innan árganga og hafa tveir árgangar verið í teymiskennslu í vetur. Húsnæðið býður því miður ekki upp á mikið meira en það, þar sem stofur eru litlar og ekki hægt að opna á milli þeirra. Kennarar eru allir í fagteymum, sem hittast á fjögurra vikna fresti að jafnaði. Í vetur voru þessi teymi starfandi: Íslenska, stærðfræði, leiðsagnarnám, uppeldi til ábyrgðar, byrjendalæsi, innra mat, heilsuefning og lausna- og framfarateymi.

Viðburðateymi var starfandi í vetur, þar sem öllum starfsmönnum var skipt niður í 9 hópa, þannig að hver og einn hópur sá um að gleðja starfsmenn að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Þetta hefur gefist mjög vel síðustu ár og vilji til að halda því áfram til að brjóta upp hversdaginn.

Aðbúnaður

Vinnuaðstaða hefur verið erfið vegna slæmra loftgæða í nokkrum stofum og upp kom mygla í tveimur þeirra. Þessu hefur verið brugðist við, en er enn í vinnslu. Skólastjórnendur hafa ekki fengið neinar tilkynningar um einelti á meðal starfsmanna, en boltinn var gripinn og farið í umræður um málið. Grunur er um að sumir starfsmenn átti sig ekki á að orð þeirra geti sært, í skjóli gríns. Allir þurfa að vera á varðbergi gagnvart þessu og grípa inn í.

Aðbúnaður starfsmanna er undir stöðugu eftirliti og hefur húsvörður skólans verið einstaklega lipur og snar í snúningum ef eitthvað þarf að lagfæra.

Endurmenntun

Símenntunaráætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar skólaárið 2024-2025 tekur mið af stefnu skólanna og þeirra þróunarverkefna sem eru í gangi hverju sinni. Enn fremur er tekið mið af óskum starfsmanna eftir starfsmannasamtöl í febrúar. Á endurmenntunardögunum 12.-14. ágúst 2024 er áætlað að bjóða upp á fræðslu um námsmat, útikennslu og fjölmenningu í skólaumhverfi. Gerð er krafa um að allir kennarar og stjórnendur mæti á námskeiðin. Ákvörðun um námskeið eða fræðslufundi grunnskólanna byggir á stefnu skólans.

Innleiðingu á leiðsagnarnámi er nú formlega lokið eftir s.l. þrjú ár. Fræðslan heldur þó áfram og var starfrækt leiðsagnarnámsteymi innan kennarahópsins í vetur, sem leiddi ferlið áfram. Áhersla var lögð á námssamfélagið, þróunarhring og uppbyggilegar samræður. Teymið vill gjarnan halda þeirri vinnu áfram næsta vetur.

Samstarf heimila og skóla

Á síðastliðnum árum hefur tekist að endurvekja Foreldrafélag G.Í., sem þá hafði legið niðri í nokkur ár. Samstarf við foreldra hefur verið einstaklega gott í vetur og eiga þeir tvo fulltrúa í skólaráði, þar sem fundað var tvisvar í vetur.

Foreldrar voru boðnir sérstaklega velkomnir á opinn dag í skólanum þann 1. desember og var mæting góð. Við opnuðum kaffistofu starfsmanna upp á gátt og buðum foreldrum upp á kaffi og piparkökur. Það er okkar tilfinning að það hafi orðið til að minnka bilið á milli okkar og munum við halda því boði áfram.

Í október var lögð könnun fyrir foreldra varðandi nokkra þætti skólastarfsins (sjá fylgiskjöl).

Matsþættir varðandi samskipti við umsjónarkennara og stjórnendur, reynslu af mötuneyti, námi og kennslu og upplýsingamiðlun voru á grænu (4,0). Sú spurning sem sneri að úrvinnslu aga- og samskiptavandamála var hins vegar á gulu (3,6) sem telst fullnægjandi, en þarfnast frekari vinnslu. Farið var í átak í 3. bekk, þar sem fundað var með öllum foreldrum vegna endurtekinna agavandamála innan árgangsins. Farið var í aukna gæslu í frímínútum, þar sem nemendur 10. bekkjar voru fengnir til að kenna þeim yngri leiki og gekk það mjög vel. Foreldrar voru hvattir til að líta við í skólanum og í frímínútum og vinna þurfti frekar með félagsfærni og reiðistjórnun sumra og hófst sú vinna strax inni í bekkjum. Áhersla var lögð á að starfsfólk og stjórnendur skráðu allar uppákomur strax, til að upplýsingar færu sem fyrst heim til foreldra. Foreldrar stungu upp á því að banna ákveðinn tölvuleik sem bannaður er þessum aldri og fylgjast betur með börnum sínum í sínum og tölvuleikjum heima. Ákveðið að boða annan fund ef ástæða þætti til, sem ekki varð.

Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið

Grunnskólinn á Ísafirði hefur nokkra sérstöðu á norðanverðum Vestfjörðum, þar sem hann er langstærstur 6 skóla á svæðinu. Speglun er því erfið við aðra skóla á svæðinu, en stjórnendur skólanna eru í góðu samstarfi og hittast allir innan sveitarfélagsins (4 skólar) í hverjum mánuði til skrafs og ráðagerða.

Skólastjórar grunnskóla á svæðinu funduðu nokkrum sinnum í vetur með stjórnendum Menntaskólans á Ísafirði, þar sem m.a. var samræmd tilfærsluáætlun nemenda grunnskóla yfir á starfsbraut M.Í. Samstarf við leikskólann Tanga hefur gengið vel í vetur, en hann er eina 5 ára deildin. Nemendur Tanga koma hingað í mötuneyti skólans daglega og hefur einnig verið boðið í sérstakar skólaheimsóknir að vori. Fyrst til að skoða húsnæðið og hitta starfsfólk og svo til að sitja eina kennslustund í 1. bekk. Tangi hefur svo hitt 7. bekk að vori, en það er verðandi vinabekkur þeirra í haust.

Nærsamfélagið allt hefur reynst skólanum afar vel alla tíð. Fyrirtæki eru boðin og búin að taka við okkur í alls kyns heimsóknir og styðja við bakið á okkur. Í vetur hafa um 70 einstaklingar og fyrirtæki hér á svæðinu stutt við okkur á einn eða annan hátt og um 15 aðilar utan svæðisins. Þá hefur skólinn tekið þátt í ýmsum viðburðum á landsvísu.

Það er erfitt að nota eitthvað mælitæki á slíkt samstarf, annað en það að nemendur, starfsmenn og allir þjónustuaðilar hafa verið ánægðir með samstarfið, sem sýnir sig best í þátttökunni ár eftir ár.

Ráðstöfun auðlinda, fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar

Þessi þáttur er ræddur og yfirfarinn á forstöðumannafundum sem haldnir eru mánaðarlega, með sviðstjórum sveitarfélagsins. Auk þess funda skólastjórnendur vikulega með sviðsstjóra skóla- og tómsundasviðs bæjarins.

Fjárhagsáætlun skólans stóðst fyrir almanaksárið 2023, nema hvað varðar launaliðinn, sem fór fram úr áætlun vegna kjarasamninga. Skólinn fékk úthlutað 907 kennslustundum á skólaárinu, sem voru fullnýttar.

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI


Foreldrakönnun



Október 2023

Svörun: 191 einstaklingar


Hver er reynsla þín sem foreldris af námi og kennslu í G.Í. undanfarið ár?



Hvernig finnst þér upplýsingamiðlun skólans?



Hver er reynsla þín af úrvinnslu aga- og samskiptavandamála síðastliðið ár?



GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Foreldrakönnun




Hver er reynsla þín af samskiptum við umsjónarkennara síðastliðið ár?



Hver er reynsla þín af notkun mótuneytis skólans síðastliðið ár?



Hver er reynsla þín af samskiptum við stjórnendur síðastliðið ár?



Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025

Umbótapáttur	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvernig	Viðmið um árangur
Lestur	Að ná landsmeðaltali í Lesferli	Sumarátak á Facebook-síðu skólans. Íslenskuteymi skólans mun stýra umbótum samkvæmt úrræðalista.	Vor 2025	Skólastjórnendur og íslenskukennarar	Niðurstöður Lesferils	Landsmeðaltal í Lesferli
Agi	Að minnka hávaða og ókurteisi	Öll inngríp verði skráð og/eða haft samband heim til foreldra	Vor 2025	Allir	Könnun á meðal foreldra og starfsmanna. Starfm.viðtöl	Betri líðan allra og minna áreiti. Minni hávaði í matsal.
Einelti	Að minnka einelti eins og hægt er og fylgja eineltismálum betur eftir. Hvetja alla til að tilkynna grun um einelti til eineltisvarnateymis, hvort heldur er hjá nemendum eða starfsmönnum.	Allir starfsmenn grípi inn í ef þurfa þykir og eftirfylgni sé markvissari og skýrari. Samskiptamál rædd inni í bekkjum á formlegum bekkjafundum og á fundum starfsmanna.	Vor 2025	Eineltisvarnateymi	Kannanir á meðal foreldra og starfsmanna	Betri líðan og færri tilkynningar
Námsmat og endurgjöf	Virkara námsmat/símat og markvissari endurgjöf	Allir kennarar nýti Mentor eins og hægt er og vinni skv. aðferðum Leiðsagnarnáms varðandi endurgjöf jafnt og þétt yfir skólaárið	Vor 2025	Skólastjórnendur og kennarar	Könnun á meðal foreldra og nemenda	Útfylling á hæfnikorti nemenda jafnt og þétt
Samstarf heimilis og skóla	Viðhalda og efla samstarf við heimili	Fundir með stjórnendum og bekkjafulltrúum. Kynna Skólapúlsinn fyrir foreldrum áður en hann er lagður fyrir og senda svo niðurstöður til þeirra. Virkja foreldrafélagið betur með því að skýra frekar tilgang þess.	Vor 2025	Skólastjórnendur	Könnun á meðal foreldra	Betri agi og færri árekstrar

